



STJÓRN VETRARHÁTÍÐAR 2020

SKIPAN OG HLUTVERK STJÓRNAR VETRARHÁTÍÐAR 2020

Vetrarhátíð er haldin af Reykjavíkurborg og vistuð á menningar- og ferðamálasviði borgarinnar. Tilgangur Vetrarhátíðar er að lífga upp á borgarlífið á dimmustu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri. Safnanótt og Sundlauganótt eru hluti af Vetrarhátíð.

Vetrarhátíð verður haldin í 19. sinn 6. - 9. febrúar 2020.

STJÓRN VETRARHÁTÍÐAR 2020:

Formaður: Guðmundur Birgir Halldórsson, viðburðarstjóri MOF

Meðstjórnendur:

Aldís Snorradóttir – Fulltrúi Listasafns Reykjavíkur

Gerður Sveinsdóttir – Fulltrúi ÍTR

Andri Ómarsson – Fulltrúi Hafnarfjarðar

Auður Halldórsdóttir – Fulltrúi Mosfellsbæjar

Edda Ívarsdóttir – Borgarhönnuður á umhverfis- og skipulagssviði

Auk þess starfa að hátíðinni Björg Jónsdóttir og Aðalheiður Santos Sveinsdóttir á viðburðaskrifstofunni og Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála.

Hlutverk formanns: Að hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd Vetrarhátíðar og deila þekkingu og reynslu af menningarlegum viðburðum með öðrum verkefnastjórum hátíðarinnar, sem annast jafnframt framkvæmd hennar.

Hlutverk stjórnar: Að starfa með verkefnastjórum að undirbúningi og framkvæmd Vetrarhátíðar.

Helstu verkefni stjórnar:

- Að leggja meginlínur og helstu áherslur hátíðarinnar
- Að koma á samstarfi á milli lykilaðila
- Að samþykkja heildardagskrá og kynningaráætlun

Samráð: Stjórnin kallar aðila til samráðs eftir því sem við á hverju sinni. Sérstaklega skal tryggja gott samráð við nágrennasveitarfélög Reykjavíkurborgar og þau fagsvið Reykjavíkurborgar sem veita mikilvæga þjónustu í tengslum við Vetrarhátíð.

Verkefnastjórar Vetrarhátíðar 2020: Guðmundur Birgir Halldórsson, Björg Jónsdóttir og Aðalheiður Santos Sveinsdóttir.

Starfstímabil: Frá 11. nóvember 2019 til 1. mars 2020